





Reykjavík, 17. febrúar 2026  
USK26020145

## Varðar: 1. Iota Borgarlínu Hlemmur - Laugavegur – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Mikaela Jóhanns Traustasonar h.f. Betri Samgangna ohf., dags. 10. febrúar 2026, um framkvæmdaleyfi fyrir endurgerð götustæðis og gangstétta á Laugavegi og Mjólnisholti norðan við Laugaveg, auk tengisvæða við Ásholt og Mjólnisholt að sunnanverðu. Einnig er lagt fram teikningasett, dags. 19. janúar 2026.



Deiliskipulag



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 liggur Borgarlínan um miðsvæði M2a og íbúðasvæði, ÍB20. Á þéttbýlisupprætti er búið að merkja inn legu Borgarlínu gegnum svæðið.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir staðgreinisreit 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, samþykkt í borgarráði 19. mars 2020, ásamt síðari breytingum.

### Lýsing á framkvæmd

Laugavegur gatnagerðarleggur 140.01 sem nú er sótt um er í framhaldi af Hlemmsvæðinu og nær að Katrínartúni. Framkvæmdin felst í endurgerð götustæðis og gangstétta á Laugavegi og Mjólnisholti norðan við Laugaveg, auk tengisvæða við Ásholt og Mjólnisholt að sunnanverðu. Jarðvegsskipt verður í götu- og hliðarsvæðum og yfirborð endurgert samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun. Gert verður nýtt miðlægt sérrými fyrir almenningssamgöngur með aðskilnaði frá almennri umferð. Göngu- og hjólastígar verða á báðum hliðum götunnar.



Almennri umferð gangandi og hjólandi verður leiðbeint framhjá framkvæmdasvæði skv. hjáleiðaplani. Aðgengi að húsum verður útfært á hverjum stað þannig að sem minnst óhagræði verði fyrir íbúa og starfsemi í þeim m.a. með því að nýta bakinnanga og setja upp göngubrýr við innganga.

## Umsögn

Betri samgöngur, fyrir hönd ríkis og sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu, áforma uppbyggingu Borgarlínunnar, hágæðakerfi almenningssamgangna. Um er að ræða verkefni í sex lotum sem unnið verður að á næstu árum. Þetta umhverfismat nær aðeins til fyrstu lotu Borgarlínunnar, sem jafnframt er stærsta lotan. Vegagerðin, og innan hennar verkefnastofa Borgarlínu, stendur að undirbúningi framkvæmdarinnar og mati á umhverfisáhrifum.

Í dag er einstefna til vesturs á þessum kafla. Breytingar eru lagðar til á þessum kafla og er gert ráð fyrir að Borgarlína verði staðsett í miðju göturými og göngu- og hjólastígar sitthvoru megin við. Gert er ráð fyrir að breidd götukassa verði um 17 m og ekki er gert ráð fyrir umferð annarra ökutækja en Borgarlínu.

Gangandi umferð fer um gangstéttar sitt hvoru megin við götuna en hjólaumferð fer um götuna eða gangstétt. Inni í borgarvefsjá er sýnd hjólaleið norðan megin við Laugaveg. Með uppbyggingu Borgarlínu kemur í stað núverandi rýmis Borgarlínubrauta fyrir miðju, með umferð hjólandi og gangandi sitt hvoru megin við Borgarlínubrautir

Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sem staðfest var árið 2015. Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 er lega borgarlínu staðfest.

Ekki er gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir borgarlínu lotu 1. þar sem framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, gildandi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið sem og deiliskipulag. Um er að ræða mikilvæga innviðauppbbyggingu í tengslum við bætt almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu öllu. Umhverfismatsskýrsla vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir.

Í deiliskipulagi fyrir staðgreinisreit 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag er gert ítarlega grein fyrir því hvernig lega borgarlínu, göngu- og hjólastíga skal vera auk þess sem þar er tilgreind staðsetning borgarlínustöðva. Að auki er sýnt hvernig gatnamótum skal vera háttað.

Ítrekað er mikilvægi þess að tryggja greiða leið vegna neyðarbíla um svæðið á framkvæmdartíma.

Uppdráttur dags. 19. janúar 2026 er í samræmi við gildandi deiliskipulag vegna framkvæmdarinnar.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.





## Framkvæmdatími

Áætlaður framkvæmdatími vegna framkvæmdarinnar er frá apríl 2026 til nóvember 2026.

Framkvæmdaleyfið er gefið út frá 1. apríl 2026 til 30. nóvember 2026 til samræmis við framkvæmdaáætlun.

Ef framkvæmd fer yfir áætlaða framkvæmdaáætlun skal sækja um endurnýjun framkvæmdaleyfis.

## Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.
- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.
- Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að á leggnum eru þekktar minjar taldar í mikilli hættu. Í umhverfismatsskýrslu er lagt til að rannsaka þær fornminjar sem taldar eru í hættu sem og hafa eftirlit með þeim. Fylgja skal þessum ráðleggingum um mótvægisaðgerðir sem settar eru fram í umhverfismatsskýrslu.
- Við framkvæmd Borgarlínunnar gildir eins og við aðrar framkvæmdir að finnist áður ókunnar fornleifar skal skv. 24.gr. laga um menningarminjar stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er.
- Tryggja skal greiða leið vegna aðkomu neyðarbíla um svæðið á framkvæmdartíma.

## Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfisins.

### f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar  
verkefnastjóri



Reykjavík